

# Minnisblað

Til: Skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd  
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir  
Dags. 11. maí 2026  
Mnr. 2026050006



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - Skólamatur á Flateyri

Á Flateyri er keyptur skólamatur af Gunnukaffi fyrir nemendur leik- og grunnskóla. Núverandi matráður hefur annast skólamáltíðir fyrir leikskóla og grunnskóla á Flateyri í tæp 20 ár, fyrst sem starfsmaður Ísafjarðarbæjar og nú sem verktaki. Fyrirkomulagið er þannig að leikskólinn Grænigarður sækir mat á Gunnukaffi og neytir hans í skólanum. Nemendur grunnskólans fara í Gunnkaffi og neyta matarins þar.

Í mars 2026 hélt skóla- og tómstundasvið fund í Grunnskóla Önundarfjarðar í tengslum við endurskoðun menntastefnu Ísafjarðarbæjar. Á fundinum kom fram óánægja foreldra með skólamatinn. Var þeim leiðbeint að ræða málið innan foreldrafélagsins og senda formlegt erindi ef samhljómur væri um það. Formlegt erindi bars svo frá foreldrafélaginu þann 29. apríl 2026.

Í kjölfar erindisins áttu skólastjórar á Flateyri fund með matráðnum þar sem rætt var sérstaklega um þau atriði sem mesta óánægjan snerist um. Niðurstaða þeirra samtala var að matráðurinn tók ábendingunum vel og réðst í úrbætur á þjónustunni. Kallaði hann eftir að svona samtal færi oftast fram svo hægt væri að bregðast fyrir við því sem þarf að laga.

Í erindi foreldrafélagsins var einnig farið fram á að þjónustan yrði boðin út þannig að fleiri aðilar gætu sótt um að veita þjónustuna. Þjónustukaupin nema um 10 m.kr. á ári og er útboðskylda skv. lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 ef upphæðin nemur í heildina kr.20.866.000 eða meira. Þannig að ef samningur um skólamat á Flateyri er gerður til meira en eins árs þá þarf að bjóða hann út.

Við ákvörðun þarf að horfa til:

- gæða skólamáltíða og vellíðunar barna
- trausts foreldra til þjónustunnar
- rekstrarhagkvæmni
- jafnræðis og regluverks um opinber innkaup

Mögulegt milliskref gæti verið:

- að skilgreina skýrari gæðaviðmið og eftirfylgni
- setja þjónustusamning með skýrum kröfum og endurskoðunarákvæðum
- meta stöðu aftur innan tiltekins tíma (t.d. 6–12 mánuðir)

**Lagt er til við skóla-, íþrótt- og tómstundanevnd að taka afstöðu til erindis foreldrafélagsins og meta hvort leggja eigi til við bæjarstjórn að bjóða þjónustuna út.**